

Mál nr. 51/2006

M og Vátryggingafélagið X vegna A og B

Árekstur við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugavegar 13.02. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.03. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið norður Kringlumýrarbraut og var A á undan. Áreksturinn varð norðan gatnamótanna. B var ekið aftan á A þegar A hægði á ferð sinni.

M telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A.

Ökumaður B telur að ökumaður A hafi svínað fyrir B og hemlað, hann beri því ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B skuli bera 2/3 hluta sakar þar sem hann gætir þess ekki að hafa nægjanlegt bil í næstu bifreið. Það telur að ökumaður A skuli bera 1/3 hluta sakar þar sem hann hægir ferðina án tilefnis vegna umferðar þegar hann var kominn norður yfir gatnamótin. Þetta kveðst hann hafa gert vegna þess að hann hafi séð ”í baksýnispegli bifreiðar sinnar bifreiðina B koma á mikilli ferð”.

Álit.

Þegar ekið er um þau gatnamót sem hér um ræðir þurfa ökumenn að gæta aukinnar aðgæslu.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B 2/3 hluta sakar fyrir að aka á A sem á undan fór. Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar þar sem hann hægir ferðina snögglega þegar hann var kominn norður yfir gatnamótin. Ökumaðurinn hefur ekki gefið eðlilega skýringu á aksturslagi sínu.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 11. apríl 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.